



Þjónustukönnun á Skjólgarði hjúkrunar- og dvalarheimili Hornafirði 2015.


Í október 2015 var framkvæmd þjónustukönnun á Skjólgarði hjúkrunar- og dvalarheimili. Könnunin er sú sama og var lögð fyrir íbúa árin 2007, 2011 og 2013 og var samin af Landlæknisembættinu. Könnuninni var svarað af íbúum sjálfum, aðstandendum þeirra eða þeim saman. Alls bárust 20 svör af þeim 27 íbúum sem könnunin var lögð fyrir. Veita verður því athygli að þegar um er að ræða svo lítið úrtak og svörun hefur hver könnun töluvert mikið vægi og telst ekki tölfræðilega marktæk. Hér á eftir verður sagt frá helstu niðurstöðum könnunarinnar og niðurstöður fyrir árið 2013 sett fram til samanburðar en í meginatriðum voru niðurstöður nokkuð svipaðar. Frá árinu 2013 hefur verið tekin upp hugmyndafræði „Lev og bo“ en samkvæmt henni er lögð rík áhersla á sjálfsákvörðunarrétt og þátttöku íbúa. Markmiðið er að nýta það sem aðstæður leyfa frá sjálfstæðri búsetu og sameina það öryggi hjúkrunar- og dvalarheimilis. Starfsfólk og íbúar vinna saman að því að skapa heimilislegt, hlýlegt og virkt samfélag. Miðað við svörun íbúa 2015 þá er okkur að takast að koma hugmyndafræðinni í framkvæmd að mestu leiti. Það eru vankantar hvað varðar fjölskyldufundi og upplýsingagjöf til aðstandenda sem þörf er að bæta úr.



Mynd 1. Spurt var hve lengi viðkomandi hafði búið á heimilinu. 55% höfðu búið meira en 2 ár á heimilinu, 30% höfðu búið 1-2 ár og 25% hafði búið skemur en 1 ár. Þetta eru mjög svipaðar niðurstöður og árið 2013 en árið 2011 höfðu 75% íbúa búið í meira en tvö ár á heimilinu.




Mynd 2. Spurt var hvernig móttökur voru við komu viðkomandi á hjúkrunarheimilið. Íbúar voru almennt ánægðir með móttökur á heimilið sem er svipaðar niðurstöður og árið 2013.




Mynd 3. Spurt var um upplýsingagjöf við komu á heimilið hvað varðar starfsemi heimilisins, hentugasta tíma fyrir heimsóknir, staðsetningu setustofu og matsalar, þjónustu sem í boði er s.s. hár- og fót snyrtingu o.fl., hvaða þjónustu þurfi að greiða fyrir, skipulagt félagsstarf og þjálfun eða hreyfingu. Tekið var meðaltal úr einstaka svörum í súluritinu hér fyrir ofan. Þetta er mjög sambærilegt og fyrir árið 2013.


Næstu spurningar snúa að umönnun, meðferð íbúa hjúkrunar- og dvalarheimilisins ásamt spurningum um aðbúnað og fleira á heimilinu.




Mynd 4. Spurt var hvort tekið væri mið af afstöðu viðkomandi við ákvarðanir um eigin meðferð. 74% svaraði því játandi en árið 2013 voru aðeins 29% sem svöruðu því játandi. 16% svaraði því til að stundum væri tekið mið af afstöðu íbúans. Mikil og jákvæð breyting hefur orðið frá árinu 2013.




Mynd 5. Spurt var hvort íbúar hefðu kost á sjúkraþjálfun, leikfimi, tómskundastarfi, forvörnum eða fræðslu og sálrgæslu. Meirihluti svarenda er sammála um að þeir hefðu kost á sjúkraþjálfun, leikfimi og tómskundastarfi en færri töldu sig hafa kost á forvörnum, fræðslu eða sálrgæslu. Þörf er á að bæta við þar og kynna þá vinnu betur sem getur stundum farið fram í einstaklingsviðtölum og því ekki formlegt starf.




Mynd 6. Spurt var hvort íbúar mundu nýta sér internetið ef það væri í boði. Það er ljóst að mikill minnihluti mundi nýta sér það og er það svipað og árið 2013. Íbúum stendur til boða að nota spjaldtölvur sem stofnunin á ásamt því að það er nú til staðar tölva með nettengingu fyrir íbúa.




Mynd 7. Þegar spurt var hvernig íbúum líkaði umönnun á heimilinu svöruðu allir íbúar því að þeim líkaði umönnunin mjög eða frekar vel. Fleiri íbúum líkar mjög vel við umönnunina nú en árið 2013.




Mynd 8. Spurt var um hvenær síðast var haldinn fjölskyldufundur með viðkomandi. Fjölskyldufundur hafði verið haldinn á síðustu 12 mánuðum hjá 47% íbúa samanborið við 45% íbúa árið 2013. 53% íbúa töldu að ekki hefði verið haldinn fjölskyldufundur með sér. Það er ljóst að bæta verður úr hvað þetta varðar.




Mynd 9. Spurt var hvort starfsfólk komi fram við íbúa af virðingu og kurteisi. 90% íbúa töldu að alltaf væri komið fram við sig af virðingu og kurteisi, 10% töldu að oft væri komið fram við sig á þann máta. Þetta eru betri niðurstöður en árið 2013.




Mynd 10. Spurt var hvort viðkomandi teldi að sjálfkvörðunarréttur sinn væri virtur varðandi ýmis atriðið daglegs lífs. Það töldu 90% svarenda, 10% töldu að stundum væri sjálfkvörðunarrétturinn virtur. Það eru í við fleiri sem telja að sjálfkvörðunarréttur þeirra sé virtur nú en árið 2013.




Mynd 11. Spurt var um hvort viðkomandi fyndist umhverfi sitt vera vistlegt. 90% íbúa töldu umhverfið vera vistlegt, enginn svaraði neitandi og 10% vissu það ekki. Þetta er í við betra en árið 2013. Þess má geta að árið 2011 voru 76% íbúa sem fannst umhverfi sitt vera vistlegt, því hefur töluvert áunnist síðan þá.




Mynd 12. Spurt var um gerð dvalarrými íbúar, þ.e. hvort íbúar búa í einbýli eða tvíbýli. 60% þeirra sem svöruðu búa í tvíbýli og 40% búa í einbýli. Á dvalarheimilinu eru 6 einbýli án baðherbergis og á hjúkrunarheimilinu eru einungis tvö einbýli, það voru 8 sem svöruðu til að þeir byggju í einbýli og það eru öll einbýlin sem eru á heimilinu. Það er ekki lýsandi fyrir heimilið því í heildina eru 27% dvalar- og hjúkrunarrýma einbýli á stofnuninni.




Mynd 13. Spurt var um hvers konar aðgengi íbúar hafa að salerni. Enginn íbúi hefur einkasalerni. Aðrir íbúar á hjúkrunar- og dvalarheimilinu deila baðherbergi með öðrum íbúum. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fengust árin 2007, 2011 og 2013 enda hefur húsnæði ekki breyst á þessum árum.



Mynd 14. Spurt var um möguleika íbúa til að hafa persónulega muni hjá sér svo sem myndir, bækur, húsgögn og fleira. 35% íbúa taldi sig hafa mikla möguleika og 35% taldi sig hafa nokkra möguleika til að hafa eigin muni hjá sér. 30% íbúa taldi sig hafa litla eða enga möguleika á að hafa eigin muni hjá sér. Fólk telur sig hafa meiri möguleiki á að hafa eigin muni hjá sér nú en árið 2013.



Mynd 15. Spurt var hvort íbúum líkaði matur heimilisins. 84% svarenda líkaði maturinn og 16% höfðu ekki skoðun á matnum. Þetta eru sömu niðurstöður og árið 2013.




Mynd 16. Spurt var hvort íbúum fyndist þeir verða fyrir ónæði vegna annarra íbúa stofnunarinnar. 60% íbúa fannst þeir aldrei verða fyrir ónæði frá öðrum íbúum, 40% fannst þeir sjaldan eða stundum verða fyrir ónæði vegna annarra íbúa, þetta eru nokkuð svipaðar niðurstöður og áður hafa fengist.




Mynd 17. Spurt var hvort íbúum fyndist þeir verða fyrir óþarfa ónæði vegna starfsfólks. 80% íbúa fannst þeir aldrei verða fyrir ónæði, 20% fannst þeir stundum eða sjaldan verða fyrir ónæði vegna starfsfólks.


Eftirfarandi spurningar voru aðeins lagðar fyrir aðstandendur íbúa hjúkrunar- og dvalarheimilisins.



Mynd 18. Spurt var hvort haft væri samráð við aðstandendur varðandi ákvarðanir um meðferð íbúa heimilisins. 80% svarenda töldu að alltaf eða oft væri haft samráð, stundum eða sjaldan svöruðu 10% aðstandenda en 10% sögðu að aldrei væri haft samráð varðandi meðferð íbúa. Þetta eru mjög svipaðar niðurstöður og úr fyrri könnunum.



Mynd 19. Spurt var hvort aðstandendur hefðu góðan aðgang að upplýsingum um líðan íbúa. 85% íbúa töldu sig hafa mjög eða frekar góðan aðgang að upplýsingum. 15% svöruðu hvorki né. Þetta eru svipaðar niðurstöður og árið 2013 en árið 2011 kom betur út en þá töldu 100% sig hafa mjög eða frekar góðan aðgang að upplýsingum um líðan íbúa.



Mynd 20. Spurt var hvort aðstandendur teldu að starfsfólk heimilisins kæmi fram við sig af virðingu og tillitssemi. 100% aðstandenda taldi starfsfólk heimilisins koma fram við sig af virðingu og tillitssemi.

Skriflegar athugasemdir sem bárust:

- Fjölskyldufundir eru ekki haldnir nema eitthvað sé að. Aðstandendur ekki upplýstir reglulega um gang mála- þurfa alltaf að spyrja sig áfram. Sálgæslu bæði íbúa og aðstandenda afar ábótavant. Íbúi sem verður fyrir áfalli fær lítinn stuðning
- Allir ættu að hafa einbýli og einkasalerni. Hér er gott starfsfólk.
- Það verður mikill kostur þegar hægt verður að bjóða fólkinu að búa á einbýli. Það væri líka gott að vita hvern hægt er að tala við ef þarf ýmsar upplýsingar. Ef maður spyr þá einhvern veginn veit enginn neitt.
- Ég er ákaflega ánægð með alla umönnun á heimilinu og finnst allt starfsfólk til fyrirmyndar.
- Það er alveg nauðsynlegt að fá stærra heimili, einbýli sem er sjálfsögð mannréttindi.
- Bættur húsakostur.

Hér eru athugasemdir frá árinu 2013, það er ljóst að það eru sterkar kröfur íbúa fyrir því að fá sitt eigið herbergi, þ.e. einbýli.

- Mjög áriðandi að íbúar séu í eins manns herbergjum.
- Ég myndi vilja sjá einbýli fyrir fólk sem ekki á lifandi maka og sá hinn sami geti haft eitthvað privat. Það er mjög erfitt að geta hvergi setið með sínum ættingja og talað saman án þess að aðrir heyri hvað er verið að tala um.
- Mér finnst vera ótrúlegt að þurfa að ganga beint inn í matsal og salinn þegar er verið að lesa fyrir fólkið. Að það skuli ekki vera gengið inn ganginn eins og hefur verið ætlað í upphafi.
- Enginn verður ánægður fyrr en hægt er að hafa eigið herbergi, hafa nokkra persónulega muni hjá sér o.s.frv. Ráða hvort slökkt er á kvöldin eða næturnar. Hér er ekki t.d. borð til að sitja við heldur þarf maður að hafa þessa pappíra á hnjúnum. Það væri t.d. gott að geta litið í myndaalúbúmin en þau verða bara að vera heima í skúffu.
- Vildi gjarnan fá kofareykt kindabjúgu með uppstúf einu sinni í viku og aðgang að internet háhraðatengingu.
- Bæta WC á hvert herbergi.
- Stærra herbergi 2x.

